

1.-3. bekkur 2019-2020

Umsjónarkennari:

Þorbjörg Helga Þorbjarnardóttir

Aðrir kennarar:

Kristín V. Gísladóttir – Myndlist og textíll

Steinunn H. Theódórsdóttir - Tónmennt

Marcia P. Williams – Heimilisfræði

Lilja Ármannsdóttir – Kristinfræði

Bekkurinn samanstendur af 6 nemendum sem skiptast svo:

1 nemandi í 1. bekk

2 nemendur í 2. bekk

3 nemendur í 3. bekk

Allflestar kennslustundir bekkjarins fara fram í heimastofu hans, stofu 1.

Íþróttir og sund fara fram í íþróttahúsi Klettaskóla, myndlist og textíll fara fram í listgreinastofunni og tónmennt fer fram í hátíðarsal skólans.

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og heildstætt nám.

Mikið er lagt upp úr því að nemendur kynnist nærumhverfinu; fjörunni, skóginum og öðrum svæðum í kring, í gegnum útikennslu og leik.

Við leggjum okkur sérstaklega fram um að byggja upp góðan bekkjaranda sem einkennist af vináttu, kærleika og umburðarlyndi.

Nemendur vinna með Uppeldi til ábyrgðar á öllum stigum skólans, enda mikilvægt að hver og einn geri sér snemma grein fyrir hver hann sé, hver hann vilji vera og hvernig umhverfi hann vilji skapa sér.

Boðið er upp á gjaldfrjálsa gæslu fyrir nemendur skólans áður en skóladagurinn hefst; frá kl. 7:45-8:30.

Nemendum yngsta stigs býðst einnig að dvelja í frístundinni okkar, Kósýkoti, að skóladeginum loknum, fram til kl. 16:30.